



Félags- og menningarmálanefnd – 5.1.2017

11. fundur, haldinn á skrifstofu Skútustaðahrepps 5.1.2017 kl. 15:00

Mættir: Elísabet Sigurðardóttir formaður, Sigurður Böðvarsson, Jóhanna Njálisdóttir, Dagbjört Bjarnadóttir og Ólafur Þróstur Stefánsson. Jafnframt sat Þorsteinn Gunnarsson sveitarstjóri fundinn og ritaði fundargerð.

Dagskrá:

1. Skjólbrekka – Íbúafundur

Í framhaldi bókun nefndarinnar þann 4. okt. síðastliðinn er samþykkt að halda íbúafund um framtíðarhugmyndir um notkun Skjólbrekku fimmtudaginn 9. febrúar n.k. Formanni falið að ræða við Atvinnuþróunarfélag Þingeyinga að stjórna fundi og vinna skýrslu úr þeim hugmyndum sem fram koma á fundinum. Formanni jafnframt falið að auglýsa fundinn.

2. Laufey Sigurðardóttir: Umsókn um styrk vegna Höfða

Málinu frestað á meðan beðið er upplýsinga frá Minjastofnun.

3. Fundadagatal 2017

Lagt fram fundadagatal til kynningar fyrir nefndir Skútustaðahrepps 2017.

4. Auglýsing vegna næstu úthlutunar styrkja til lista og menningarstarfs

Samþykkt eftirfarandi auglýsing:

Félags- og menningarmálanefnd Skútustaðahrepps auglýsir hér með eftir umsóknum um styrki vegna lista- og menningarstarfs. Bæði einstaklingar og félagasamtök geta sótt um styrki.

Nefndin metur umsóknir með menningarstefnu Skútustaðahrepps að leiðarljósi og leggur fyrir sveitarstjórn tillögur til úthlutunar.

Umsóknareyðublað má nálgast á: <http://myv.is/eydublod-qjaldskrar-og-samthyktir/> eða á skrifstofu Skútustaðahrepps.

Félagasamtök þurfa að skila inn ársreikningi liðins árs með umsókn og þá ber öllum að skila inn til nefndarinnar greinargerð um framgang verkefnisins og ráðstöfun styrkjár innan árs frá styrkveitingu.

Umsóknum skal skila á skrifstofu Skútustaðahrepps bréfleiðis, eða með tölvupósti á: sveitarstjori@myv.is fyrir 8. febrúar n.k.

Nánari upplýsingar varðandi útfyllingu styrkumsókna má nálgast hjá Elísabetu formanni félags- og menningarmálanefndar í síma 894 6318.

5. Sérstakur húsnæðisstuðningur: Reglugerð

Lögð fram reglugerð um sérstakan húsnæðisstuðning Skútustaðahrepps. Sérstakur húsnæðisstuðningur er fjárstuðningur til greiðslu á húsaleigu umfram húsnæðisbætur sem veittar eru á grundvelli laga um húsnæðisbætur nr. 75/2016.

Nefndin samþykkir reglugerðina fyrir sitt leyti.

Fleira ekki bókað. Fundi slitið kl. 16:45.

Elísabet Sigurdard.
Orkuskrá
Dagbjart Bjarnadóttir
Jónanna Njáladóttir
Sigrún
Hlengiur Gunnarsson